

LEIÐBEININGABLAÐ 10

UMFANG OG ÁHERSLUR Í UMHVERFISMATI

Hvað er matslýsing?

Í lögum um umhverfismat áætlana er kveðið á um að hafa þurfi samráð við Skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Ekki er í lögnum gerð krafa um að unnin sé smatsáætlun%eins og tíðkast í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Engu að síður þykir nauðsynlegt að lögð sé fram skrifleg lýsing á hvernig staðið verður á umhverfismatinu áður en haft er samráð við stofnunina. Slík smatslýsing%sem getur verið hluti af almennri verkefnislýsingu fyrir áætlunarvinnuna, ætti að veita nægilegt yfirlit yfir forsendur umhverfismatsins og þá vinnu sem framundan er, sjá einnig kafla 2.6 í Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana (Skipulagsstofnun 2007). Skipulagsstofnun gefur skriflega umsögn um matslýsinguna og/eða ræðir tilhögun umhverfismatsins og næstu skref á fundi með ábyrgðaraðila. Leiðbeiningar eru settar fram með hliðsjón af gerð skipulagsáætlana en eiga einnig við um aðra áætlanagerð.

Matslýsing er skrifleg verklýsing um hvernig fyrirhugað er að vinna umhverfismat áætlunar

Hvað þarf að koma fram í matslýsingu?

Umfang og áherslur í umhverfismati þurfa að vera í samræmi við viðfangsefni áætlunarinnar, stærð skipulagssvæðisins og tengsl við aðrar áætlanir. Hafi farið fram umhverfismat á tengdri áætlun eða framkvæmd getur það jafnframt haft áhrif á nákvæmni umhverfismats þeirrar áætlunar sem er í vinnslu. Matslýsing er grunnurinn að gerð umhverfisskýrslu og því er lagt til að uppbygging hennar taki mið af efni umhverfisskýrslu. Mælt er með því að nota töflur, skýringarmyndir og kort þar sem það getur átt við.

Matslýsing er grunnurinn að gerð umhverfisskýrslu og tekur því mið af efnisyfirliti hennar

Efni matslýsingar

1. Yfirlit um efni skipulagsáætlunar (a)

Í kafla um efni áætlunar þarf að gera stutta grein fyrir meginþáttum skipulagsins svo sem:

- ❖ Samantekt um efni skipulagstillögu og hvers vegna skipulagstillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana.
- ❖ Helstu markmið miðað við drög að áætlun.

Ef ofangreind atriði koma fram í drögum að áætlun sem fylgir með matslýsingu til Skipulagsstofnunar nægir að vísa í þá umfjöllun.

Bókstafir í sviga aftan við kaflaheiti er tilvísun í staflíði í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana

Í matslýsingu þarf að birta yfirlit um efni skipulagstillögu og gera grein fyrir af hverju hún fellur undir lög um umhverfismat áætlana

2. Tengsl við aðrar áætlanir (a)

Í kafla um tengsl við aðrar áætlanir þarf að upplýsa um áætlanir sem tengjast skipulagssvæðinu eða viðfangsefni þess. Þetta geta verið aðrar skipulagsáætlanir í sveitarfélaginu svo sem svæðis-, aðal- eða deiliskipulag og skipulagsáætlanir í aðliggjandi sveitarfélögum. Jafnframt þarf að huga að öðrum áætlunum sveitarfélagsins sem geta haft áhrif á stefnumótunarvinnuna t.d. Staðardagskrá 21 og stefnumótun í atvinnumálum.

Skoða þarf hvort umhverfisáhrif tiltekinnar stefnu eða markmiða hafi verið metin á öðrum skipulagsstigum eða hvort vísað hafi verið til frekara mats á neðri stigum svo sem vegna skorts á upplýsingum. Sem dæmi um tengsl við aðrar áætlanir má nefna eftirfarandi áætlanir:

- ❖ Samgönguáætlun þar sem sett eru fram markmið og stefna ríkisins um grunnnet samgangna.
- ❖ Náttúruverndaráætlun þar sem mörkuð er stefna um svæði sem ákveðið hefur verið að friðlýsa.
- ❖ Hættumat vegna ofanflóða sem hefur verið unnið fyrir helstu þéttbýlisstaði sem búa á ofanflóðahættusvæðum.

Við gerð matslýsingar ekki alltaf búið að taka afstöðu til þess hvernig markmið í tengdum áætlunum verða útfærð í skipulagstillögunni. Hins vegar ætti að vera búið að fara yfir helstu markmið og umhverfisverndarsjónarmið í tengdum áætlunum sem verða lögð til grundvallar mati á stefnu vinnslutillögunnar (Sjá nánar í kafla 6. Viðmið og umhverfisverndarmarkmið). Með því að setja viðkomandi skipulagstillögu í samhengi við aðra stefnumörkun er einnig hægt að taka afstöðu til þess hvort betur eigi við að fjalla um umhverfisáhrif á síðari stigum og hvort skipulagsvinnan kalli á breytingu á samþykktu eða staðfestu skipulagi. Töfluna hér að neðan má nýta til að fá yfirlit um tengsl við aðrar áætlanir.

Í matslýsingu þarf að gera grein fyrir hvaða aðrar áætlanir tengjast þeirri áætlun sem unnið er að og í hverju tengslin felast

Tilgreina helstu markmið og umhverfisverndarsjónarmið sem verða nýtt sem viðmið í matinu

Tafla 1. Dæmi um hvernig endurskoðun á tilteknu aðalskipulagi tengist annarri áætlanagerð og hvernig unnt er að setja tengslin fram í töflu

Heiti áætlunar	Hvernig tengist áætlunin tillögu að nýrri áætlun
Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015	Nyrsti hluti sveitarfélagsins er innan miðhálandis og því þarf að skoða samræmi í stefnu.
Hættumat vegna ofanflóða í sveitarfélaginu	Hættumatið hefur áhrif á stefnu um landnotkun og nýtist sem viðmið við mat á áhrifum stefnu um landnotkun á öryggi og eignir íbúa.
Samgönguáætlun 2003-2014	Huga þarf að samræmi samgönguáætlunar um meginmarkmið og grunnnet samgangna við stefnu aðalskipulagsins um samgöngur.
Aðalskipulag Staðarhrepps 2006-2018	Í gildi er aðalskipulag fyrir gamla Staðarhrepp sem nú er hluti af stærra sveitarfélagi og því þarf að huga að eldri skipulagsákvörðunum við gerð nýs aðalskipulags.
Náttúruverndaráætlun	Samkvæmt náttúruverndaráætlun er áformað að friðlýsa búsvæði tiltekinnar plöntutegundar innan skipulagssvæðisins og þarf því að hafa það til hliðsjónar.

3. Upplýsingar um grunnástand umhverfis (b, d)

Meginmarkmið þessa kafla er að varpa ljósi á lykilþætti í umhverfinu og lýsa ástandi þeirra áður en áhrifa áætlunar gætir svo sem:

- ❖ Lýsa staðháttum og núverandi umhverfisaðstæðum á skipulagssvæðinu. Áherslan á að vera á umhverfisþætti sem eru líklegir til að verða fyrir verulegum áhrifum við framfylgd áætlunar.
- ❖ Taka fram hvaða upplýsinga verður aflað í skipulags- og matsferlinu og hvaða gögn og upplýsingar sem tengjast staðháttum og umhverfisaðstæðum verða nýtt við matið.
- ❖ Lýsa umhverfisvandamálum¹ sem varða áætlunina, einkum sem tengjast svæðum sem hafa sérstakt náttúruverndargildi sbr. náttúruverndarlög, náttúruverndar- áætlun og alþjóðasamninga.
- ❖ Önnur viðfangsefni/umhverfisvandamál bæði náttúrufarsleg- og samfélagsleg svo sem;
 - svæði sem njóta verndar vegna menningarlegs gildis,
 - vatnsvernd og fráveita,
 - hættusvæði/náttúruvá, uppblástur jarðvegs,
 - svæði þar sem eru vandamál vegna hávaða eða mengunar af öðru tagi,
 - íbúapróun,
 - eftirspurn og framboð á húsnæði, þjónustu ofl.

Gera þarf grein fyrir staðháttum og grunnástandi umhverfisþátta við upphafa áætlunargerðar

Upplýsingar um grunnástand umhverfisins eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að spá fyrir um umhverfisáhrif og fylgjast með ástandi umhverfisins með vöktun

Upplýsingar um grunnástand hjálpa til við að skilgreina umhverfisþætti sem leggja á mat á og viðmið sem verða notuð til þess að meta áhrif skipulagsins á umhverfið.

¹ Hugtakið umhverfisvandamál kemur fyrir í lögnum en er ekki skilgreint.

Tafla 2. Dæmi um umhverfisvandamál

Umhverfisvandamál	Fyrirliggjandi upplýsingar	Hvaða þýðing fyrir skipulagsvinnuna?
Vatnsverndarsvæði Gæði vatns ábótavant sbr. gögn frá heilbrigðiseftirliti	Byggð svæði skipulögð að mörkum vatnsverndarsvæða Landeigendur sækjast eftir að vatnsvernd verði aflétt	Endurskoða mörk vatnsverndar? Gera kröfur um frágang og fráveitu? Skipuleggja byggð svæði fjær vatnsverndarsvæðum?
Íbúapróun ekki í takt við fyrra áætlanir, sbr. íbúaspá í Aðalskipulagi Staðarhepps 2006- 2018	4% fækkun íbúa í Staðarheppi á sl. 5 árum (Hagstofan).	Fólksfækkun hefur áhrif á eftirspurn eftir húsnæði og þjónustu. Snúa vörn í sókn, skapa eftirsóknarvert samfélag, laða að ný störf.
Umferð við skóla	67% skólabarna í yngstu bekkjardeildum ekið í skóla Slysatíðni á skólaleiðum.	Leggja áherslu á öruggar göngu- og hjólaleiðir Aðskilja leiðir frá gönguleið.
Eftirspurn eftir iðnaðarlóðum á hraunasvæðum í nágrenni þéttbýlis. Hrauni hefur þegar verið raskað mikið	Eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, gildandi skipulagsáætlanir, jarðfræðiúttekt.	Leggja áherslu á að skerða sem minnst ósnortið eldhraun, nýta þegar röskuð svæði Beina iðnaðarstarfsemi annað.

4. Umhverfisþættir (c)

Umhverfisþættir eru þættir í umhverfinu sem skipulagsáætlunin getur haft áhrif á. Áhrifin geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg. Leggja skal áherslu á umhverfisþætti sem áætlunin hefur veruleg áhrif á innan sem utan skipulagssvæðisins. Skilgreining laga um umhverfismat áætlana á umhverfi er eftirfarandi: Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta. Hugsanlega þarf að skilgreina umhverfisþættina í undirflokk, í samræmi við áherslur og markmið skipulagsins.

Í kafla um umhverfisþætti þarf að:

- ❖ Gera grein fyrir því hvaða umhverfisþættir eru taldir verða fyrir áhrifum með tilkomu áætlunarinnar.
- ❖ Skýra af hverju talið er líklegt að tiltekinn umhverfisþáttur verði fyrir áhrifum og af hverju öðrum umhverfisþáttum er sleppt.

Skilgreining umhverfisþátta byggir á upplýsingum um grunnástand umhverfisins sbr. 3. kafla hér að framan. Tölur 3 og 4 eru dæmi um hvernig hægt er greina umhverfisþætti sem meta þarf áhrif á.

Skilgreina þarf umhverfisþætti sem líklegt er talið að verði fyrir áhrifum við framkvæmd áætlunar og skýra afhverju öðrum umhverfisþáttum er sleppt

Tafla 3. Hvaða umhverfisþættir eru taldir verða fyrir áhrifum og af hverju

Umhverfisþáttur	Þörf á að meta	Ekki talin þörf á að meta	Skýring
Samfélag	X		Texti til skýringar/rökstuðningur
Heilbrigði manna	X		
Dýr		X	
Plöntur		X	
Líffræðilegur fjölbr.		X	

Í töflu 4 er sýnt hvernig hægt er að setja fram á einfaldan hátt yfirlit yfir núverandi umhverfisástand á skipulagssvæðinu í samhengi við viðfangsefni skipulagstillögunnar og hvernig það tengist umhverfisþáttum. Í töflunni er einnig hægt að setja fram umhverfisvísa, þ.e. mælikvarða til að skrá breytingar sem jafnframt geta nýst við vöktun. Umhverfisvísar hjálpa til við að lýsa nánar viðkomandi umhverfisþætti. Bent er á að umhverfisráðuneytið gaf út bæklinginn Umhverfi og auðlindir árið 2009 með upplýsingum um stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi.

Tafla 4. Hvaða umhverfisþættir eru taldir verða fyrir áhrifum

Núverandi ástand/forsendur	Markmið í tillögu	Umhverfisþáttur	Upplýsingar og umhverfisvísar
Fækkun starfa m.a. í hefðbundnum greinum og sóknarfæri í ferðaþjónustu en skortir aðstöðu og framboð af afþreyingu	Fjölgun starfa, fjölbreyttari störf sem m.a. byggja á aðgerðum sem skilgreindar eru í vaxtarsamningi	Félagslegt og efnahagslegt umhverfi ~ Atvinnuframboð	Hagstofan, Byggsáætlun, sveitarfélagið s.s. fjöldi starfa eftir greinum, íbúapróun ofl.
Válistategundir, náttúrulegur, birkiskógur, svæði sem njóta verndar hafa verið röskuð og stafar hættu af raski með áframhaldandi uppbyggingu	Svæði sem hafa sérstöðu á svæðis- og landsvísu sökum náttúrufars verði vernduð Stækkun þéttbýlis og vegagerð	Náttúruminjar ~ Friðlýst svæði ~ Svæði á náttúruminjaskrá ~ Sérstök vernd ~ Aðrar náttúruminjar	Friðlýst svæði og önnur svæði á náttúruminjaskrá eða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd Jarðfræðikort Útbreiðslukort plantna Válistar um plöntur og fuglar
Svæði þar sem svifryksmengun er vandamál - fjöldi daga þar sem mengunin fer yfir heilsuverndarmörk, öndunarfærarsjúkdómar	Draga úr umferð mengandi ökutækja, bæta loftgæði og fækka dögum þar sem svifryk fer yfir umhverfisverndarmörk	Andrúmsloft Heilsa ~ Svifryk ~ Öndunarfæra-sjúkdómar	Mælingar Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins á svifryki, fjöldi daga þar sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk

5. Þættir sem taldir eru valda áhrifum

Í kafla um áhrifavalda þ.e. þættir sem taldir eru valda áhrifum þarf að gera grein fyrir:

- ❖ Þeim þáttum skipulagsins sem taldir eru valda verulegum umhverfisáhrifum miðað við drög að áætlun.
- ❖ Raunhæfum valkostum við stefnuna eða einstaka þætti hennar.

Valkostir geta varðað landnotkun eða staðsetningu s.s. mismunandi landnotkun fyrir tiltekið svæði eða mismunandi staðsetningu fyrir tiltekna landnotkun eða framkvæmdaáform. Valkostir geta einnig átt við aðferðir eða aðgerðir til að draga úr eða auka eftirspurn s.s. í tengslum við samgöngur eða úrgangsmál. Hafa þarf í huga að eftir því sem matsvinnunni miðar áfram kunna fleiri valkostir að koma til álita.

Dæmi um þætti (áhrifavalda) í skipulagi sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið:

- ❖ Markmið um að stækka byggð svæði, s.s. þéttbýli og svæði fyrir frístundabyggð.
- ❖ Markmið um að taka frá atvinnusvæði undir mannfreka eða mengandi starfsemi.
- ❖ Markmið um orkuvinnslu og orkuflutning.
- ❖ Markmið um að auka aðgengi eða vegsamgöngur, svo sem nýir vegir og önnur samgöngumannvirki.
- ❖ Markmið sem snúa að breytingum í dreifbýli, svo sem skógrækt, þauleldi, fjölgun íbúðarhúsa og aukin ferðaþjónusta.
- ❖ Markmið um landnotkun á óröskuðu svæði.

Sjá einnig lista yfir framkvæmdir, í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, sem geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Hafa þarf í huga að stefna um ný byggðarsvæði eða breytta landnotkun kallar á aukna þörf fyrir samgöngumannvirki, veitur, efnistöku ofl. og því er mikilvægt að meta stefnu áætlunarinnar heildstætt en ekki einblína einungis á afmarkaða þætti eða tiltekna framkvæmdir.

Gera þarf grein fyrir áhrifuvöldum, þ.e. stefnu og aðgerðum áætlunarinnar sem talið er að hafi áhrif á umhverfið

6. Viðmið og umhverfisverndarmarkmið

Í kafla um umhverfisverndarmarkmið þarf að gera grein fyrir viðmiðum sem lögð verða til grundvallar umhverfismati áætlunarinnar. Viðmiðin geta verið umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda á svæðis- og landsvísu og viðmiðunarmörk í lögum, reglugerðum og alþjóðsamningum.

Tafla 6. Dæmi um stefnuskjöl þar sem viðmið er að finna

Alþjóðleg stefna	Ramsarsamningur um votlendi Vínarsamningurinn/Montrealbókunin um verndun ósonlagsins Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar Samningur um líffræðilega fjölbreytni
Lög	Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Lög um verndun Mývatns og Laxár í S-Þingeyjarsýslum nr. 97/2004 Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 Lög um landgræðslu nr. 17/1965 Þjóðminjalög nr. 107/2001
Reglugerðir	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda og sveitarfélaga	Samgönguáætlun Hættumat vegna ofanflóða Rammaætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma Velferð til framtíðar til 2020, stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika (2008) Tillögur um Vernd og endurheimt birkiskóga (2007) Náttúruverndaráætlun Válisti plöntur og dýr Staðardagskrá 21
Skipulagsáætlanir	Svæðisskipulag Aðalskipulag Deiliskipulag

Dæmi um umhverfisverndarmarkmið:

1. Velferð til framtíðar: Í kafla 7 um Vernd lífríkis Íslands er sett fram eftirfarandi markmið sForðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.
2. Þjóðminjalög: 10. gr. sFornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.+
3. Lög um náttúruvernd , 37. gr.: Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar og forðast skal röskun á eins og kostur er: Eldvörp, gervígígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir 1000 m² eða stærri, mýrar og flóar 3 ha eða stærri, fossar, hverir, heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður 100 m² eða stærri, sjávarfitjar og leirur.
4. Reglugerð um hávaða: Viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir hljóðstig í og við íbúðarhúsnæði.

Bent er á að skoða dæmi um viðmið í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana (2007), leiðbeiningum um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa (2005) og yfirlit yfir viðmið/umhverfisverndarmarkmið (2008) sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

7. Matsferlið og samráðsaðilar

Í þessum kafla þarf að skýra í stuttu máli frá:

- ❖ Hvaða aðferðum/nálgun verður beitt við matið og hvernig það verður sett fram.
- ❖ Samráðsaðilum, þ.e. til hverra verður leitað eftir álit eða upplýsingum í matsferlinu en það geta t.d. verið stofnanir, sérfræðingar, íbúar og aðrir hagsmunaaðilar. Bent er á að ef viðfangsefni tillögunnar og umhverfisþættir gefa tilefni til að leita umsagna fagstofnana ætti að tilgreina þær í matslýsingunni.
- ❖ Hverjir munu koma til með að vega og meta umhverfisáhrifin. Mælt er með því að kjörnir fulltrúar, almenningur og sérfræðingar komi að matinu.
- ❖ Helstu skrefum eða áföngum umhverfismatsins og skipulagsáætlunarinnar.

Samantekt yfir efni matslýsingar

1. Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar (a)
2. Tengsl við aðrar áætlanri (a)
3. Upplýsingar um grunnástand umhverfis (b, d)
4. Umhverfisþættir (c)
5. Þættir sem talið er að valdi áhrifum (f,c)
6. Viðmið og umhverfisverndarmarkmið (e)
7. Matsferlið og samráðsaðilar